

RANNSÓKNASTOFNUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI
Sólborg, Pósthólf 224, 602 Akureyri,
Sími 463-0562, Fax 463-0999

**MAT Á DRÖGUM AÐ NÁMSKRÁ
FYRIR SKIPSTJÓRNARNÁM**

**UNNIÐ FYRIR STARFSGREINARÁÐ
SJÁVARÚTVEGSGREINA**

TRAUSTI ÞORSTEINSSON



Október 2000

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Drög að námskrá fyrir skipstjórnarnám	3
Tímalengd náms og skipan	4
Eininga- og áfangafjöldi	6
Athugasemdir og ábendingar	10
Lokaorð	11
Heimildir	12

Inngangur

Að ósk Starfsgreinaráðs sjávarútvegsgreina tók undirritaður, starfsmaður Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri, að sér skoðun á drögum að námskrá fyrir skipstjórnarnám sem unnin var af starfshópi sem skipaður var af menntamálaráðherra 1998. Óskaði starfsgreinaráð að einkum yrði þess freistað að svara fjórum spurningum:

1. Má telja almennt að STCW-reglum sé nægilega fylgt?
2. Afbrigðilegur eininga- og áfangafjöldi á hverri önn: Eru einhverjar sérstakar ástæður?
3. Heildarlengd til 3. stigs: Er 3. stigið háskólanám (tertiary) eða ætti að stytta niður í 4 ár alls?
4. Lengd til 1. stigs: Er eitt námsár (+ rúm önn á sjávarútvegsbraut + almennt nám + sjótími) hæfilegt?
5. Kennslufræðileg framsetning: Eru einhverjar athugasemdir eða ábendingar?

Í skýrslu þessari er leitast við að svara ofangreindum spurningum. Leitað var til ýmissa aðila um álit og svör við spurningum sem vöknudu við vinnuna. Einkum var leitað til Jóns Þórðarsonar deildarforseta sjávarútvegsdeildar HA og Hjalta Jóns Sveinssonar skólameistara VMA og eru þeim færðar þakkir fyrir aðstoðina.

Haft var samband við Siglingastofnun og leitað eftir svörum hennar við erindi Starfsgreinaráðs um mat á því hvort stofnunin teldi kröfum STCW-reglna fylgt í skipan námsins og í áfangalýsingum. Stofnunin hafði þá ekki lokið álitserð sinni og hét því að RHA fengi hana senda þegar henni væri lokið. Álitserðin hefur ekki borist enn svo ekki hefur verið hægt að skoða drög að námskrá fyrir skipstjórnarnám í ljósi umsagnar Siglingastofnunar.

Drög að námskrá fyrir skipstjórnarnám.

Eins og fram kemur í inngangi námskrárdraganna hefur umræða um skipan skipstjórnarnáms staðið um langan tíma án þess að hafa leitt til endanlegrar niðurstöðu í breytingum á náminu. Margar tillögur hafa litið dagsins ljós en færstar þeirra komið til framkvæmda. Allt til haustsins 1999 var nám til 1. og 2. stigs skipstjórnar skipulagt sem eins og tveggja ára nám að loknum grunnskóla og 24 mánaða siglingatíma. Með tilkynningu menntamálaráðuneytisins um breytta skipan skipstjórnarnáms í mars 1997 var ákveðið að námið skyldi lengt og því skipt í tveggja ára bóklegt undirbúningsnám í sjávarútvegsbrautum framhaldsskóla og tveggja ára fagnám sem eingöngu skal vera til boða í Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Fagnáminu er skipt á þrjú stig, þar sem eitt stig leiðir af öðru og geta nemendur lokið 3. stigi að loknu tveggja ára fagnámi.

Í lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996 segir að námsbrautir framhaldsskóla skuli skipulagðar í samræmi við lokamarkmið námsins. Nám á námsbrautum skiptist í brautarkjarna, kjörsvið og frjálst val. Hlutfall á milli þessara þátta getur verið breytilegt og er ákveðið í hverju tilfelli í aðalnámskrá. Námsbrautum framhaldsskóla er skipt í starfsnámsbrautir, bóknámsbrautir, listnámsbrautir og almenna námsbraut. Til starfsnámsbrauta heyrir nám í löggiltum iðngreinum og annað starfsnám. Nemendur á starfsnámsbrautum skulu einnig eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings námi á háskólastigi.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla birtist lýsing á sjávarútvegsbraut þeirri sem telst fullnægjandi undirbúningur fyrir fagnám í skipstjórn. Í lýsingu brautarinnar segir að henni ljúki með réttindum til skipstjórnar á bátum allt að 30 tonnnum og veiti jafnframt góðan undirbúning fyrir ýmis störf á sjó eða í landi. Síðan segir að nám á brautinni sé skilyrði fyrir framhaldi náms til frekari skipstjórnarréttinda. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar mat er lagt á tímalengd náms í skipstjórn, eininga- og áfangafjölda á hverri önn og kennslufræðilegri framsetningu. Í þeirri umfjöllun sem hér er gerð er litið til heildartíma námsins þ.e. frá upphafi sjávarútvegsbrautar, sem forsendu skipstjórnarnámsins, til loka 3. stigs.

Ekki verður miklu rými varið til umfjöllunar um það hvort telja megi að alþjóðlegum reglum um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöðu áhafnar (STCW) sé nægilega fylgt í námskránni þar sem um það atriði var leitað álits Siglingastofnunar sem skila mun starfsgreinaráði álitsgerð þar að lútandi. Þess í stað er áhersla lögð á að svara spurningum er varða tímalengd náms, kennslufræðilega framsetningu námsins og skipan þess í einingar og áfanga. Af áfangalýsingum verður þó vart annað ráðið en allar forsendur séu til þess að uppfylla megi kröfur alþjóðlegra reglna.

Tímalengd náms og skipan

Eins og fram kemur af fréttatilkynningu menntamálaráðuneytisins dags. 19. mars 1997 er gert ráð fyrir að námstími til þriðja stigs séu fjögur ár. Í drögum að námskrá fyrir skipstjórnarnám er námið lengt um hálf t. á. Þ.e. að eftir þriggja ára nám (6 annir) ljúki nemendur 1. stigi, eftir fjögurra ára nám (8 annir) ljúki nemendur 2. stigi og eftir 9 annir ljúki nemendur 3. stigi. Námið er skipulagt þannig að eitt stigið leiði af öðru og sé þannig ákveðinn grundvöllur næsta stigs án tillits til þess hvort stefnt er að starfi á kaupskipum eða fiskiskipum. Jafnvel er nú gert ráð fyrir því að allir þeir sem hefja nám á 1. stigi skuli hafa lokið réttindum til skipstjórnar á bátum allt að 30 tonnnum.

Fljótt á litið virðist skipan skipstjórnarnáms eins og það er skilgreint í tilkynningum menntamálaráðuneytisins og drögum að námskrá í skipstjórn fremur taka mið af og því að tryggja Stýrimannskólanum í Reykjavík framtíðarsess í menntun skipstjórnarmanna fremur en röklegri uppbyggingu náms í samræmi við nútímakröfur og því að hverju nemandinn vill stefna í námi. Bóklegt undirbúningsnám er fært til framhaldsskólanna en faglega námið til Stýrimannaskólans sem eftir sem áður starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og því ekki í neitt annarri stöðu en aðrir skólar á sama skólástigi hvað varðar menntun og útskrift nemenda.

Í sjálfu sér eru ýmis rök sem geta hnigið að því að þörf sé á að lengja skipstjórnarnám eins og við á um margar aðrar starfsstéttir. Jafnvel má hugsa sér að gerðar séu kröfur til skipstjóra um menntun umfram stýrimenn, þ.e. að til að öðlast skipstjórnarréttindi þurfi þeir ásamt því að hafa starfað sem yfirstýrimenn tilskilinn tíma að hafa lokið tiltekinni menntun t.d. á háskólástigi. Einkum ætti þetta við skipstjóra á fiski- og kaupskipum sem sigla á ótakmörkuðu hafsvæði svo vitnað sé til orðalags alþjóðasamþykktar um þjálfun, skirteini og vaktstöðu (STWC). Á það skal þó bent að eins og drög að námskrá eru sett fram er verið að lengja og auka skipstjórnarnámið um allt að helming í námstíma frá því sem áður var og vafi leikur á að mikil hrifning yrði innan starfstétta sjómanna og útgerðamanna ef færa ætti námið til viðbótar upp á háskólástig og lengja það ennfrekar.

Hins vegar verður ekki séð að fjögurra og hálf t. á. námstími til þriðja stigs sé nauðsynlegur né skynsamlegur eins og námið og námsskipanin er kynnt í námskrárdrögum. Með námskipaninni eru í raun gerðar kröfur um sama bóklega kjarnann í námi allra skipstjórnarmanna, hvort sem þeir ætla að starfa á 30 tn. trillu, allt að 200 lesta fiskiskipi innan íslenskrar lögsögu og þeirra sem sigla með ótakmarkaða stærð fiskiskipa um öll heimsins höf. Þó verulegur munur sé á milli starfs 1. og 2. stigs skipstjóra er aðeins gert ráð fyrir eins árs viðbótarnámi í faggreinum að afloknu 1. stigi til að öðlast full fiskimannsréttindi eins og það var áður kallað (2. stig).

Ef skipstjórnarnámið er borið saman við nám í vélstjórn má sjá að þar er kjarnagreinum blandað saman við kjörsviðsgreinar og fjölgar þeim á hverju stigi námsins. Til 2. stigs er gert ráð fyrir 24 einingum í kjarna, 3. stigs 48 einingum og 4. stigs 61 einingu. Með betri nýtingu á námstíma og endurskipulagningu námsins má raða námsáföngum, sem námskrárdrögin gera kröfu um, með þeim hætti að ljúka megi bæði 2. og 3. stigi á fjórum árum án þess að nokkuð sé dregið úr kröfum og þær jafnvel auknar (sjá fylgiskjal).

Ef til vill hafa höfundar námskrárinnar gælt við þá hugmynd að með tillögum þeirra um námskipan skipstjórnarnámsins mætti líta svo á að nám til 2. og 3. stigs væri komið á háskólastig (tertiary), a.m.k. væri þróun í þá veru. Ef það er ætlun höfunda verður að gera endurbætur á heildarskipan námsins. Námsuppbyggingin býður ekki upp á að 3. stigið og enn síður 2. stigið teljist háskólanám og uppfyllir námið ekki einu sinni kröfur sem háskólar gera til inngöngu á einstaka námsbrautir.

Eininga- og áfangafjöldi

Af skýrslu starfshóps sem samdi drög að námskrá fyrir skipstjórnarnám er ekki auðséð með hvaða hætti nemendum er ætlað að ljúka námi á tilskildum tíma sökum afbrigðilegs eininga- og áfangafjölda. Námskráin gengur út frá því að þeir sem hefja skipstjórnarnám hafi lokið aðfaranámi af sjávarútvegsbraut framhaldsskóla. Áhersla er lögð á að námsgreinar á skipstjórnarbrautunum séu fyrst og fremst faggreinar eða kjörsviðsgreinar eins og það eru nefnt í aðalnámskrá framhaldsskóla. Í brautalýsingum kemur fram að til 1. stigs skal nemandinn hafa lokið 42 námseiningum. Til 2. stigs skal hann ljúka 44 einingum til viðbótar (86 ein. alls) og til þriðja stigs 20 einingum til viðbótar þeim (106 ein. alls). Þá gera námskrárrögin ráð fyrir valgreinum á 1. og 2. stigi en að þeim valgreinum meðtöldum verður einingafjöldi á 1. stigi 47 og 2. stigi 50 einingar. Þessar valgreinar eru á fyrsta stigi DAN 212 og STÆ 403 og á 2. stigi ENS 303 og STÆ 503. Hvort nemendum er ætlað að velja á milli þessara greina á hvoru stigi eða hvort þeir hafi val um að bæta þeim við sig verður ekki séð af námskrárrögunum. Vandséð er að hægt sé að sleppa þessum valgreinum a.m.k. ekki ef viðkomandi vill eiga einhvern kost á að halda áfram námi á næsta skólastigi að 2. stigi loknu.

Telja verður að einingafjöldi á hverri námsönn í 1.-3. stigi sé ekki boðlegur. Fjöldi eininga á hverri önn á almennum námsbrautum framhaldsskóla eru 17-18 einingar að meðaltali en það er sá einingafjöldi sem menntamálaráðuneytið hefur til viðmiðunar. Miðað við einingafjölda er tímafjöldi á 1. stigi ráðgerður 42 vikustundir á önn, 46-48 vikustundir að meðtöldum valgreinum, og á 2. stigi 44 vikustundir eða 50 stundir að meðtöldum valgreinum. Augljóst má vera að ekki er hægt að bjóða nemendum upp á vinnu af því tagi og því þarf að endurskoða námsuppsetninguna með tilliti til þess að fækka námseiningum og þar með kennslustundum á hverri önn. Sé litið til sjávarútvegsbrautarinnar sem er undanfari skipstjórnarnámsins er gert ráð fyrir því að þar séu einingarnar aðeins 17 að meðaltali á önn eða 34 kennslustundir á viku á hverri önn. Með breytingum á skipulagi heildarnámstíma 1.– 3. stigs mætti minnka álagið á seinni hluta námsins.

Í brautarlýsingum draga að námskrá skipstjórnarnáms virðist skorta ákveðið samræmi í skipulag námsáfanga og einingafjölda þeirra. Hvað þessu veldur skal ósagt látið en ekki er ósennilegt að hér hafi verið horft á málin út frá stundaskrárgerð Stýrimannaskólans í Reykjavík. Þannig er kennsla í samlíki sett í tvo einnar eininga áfanga í stað þess að fella samlíki undir kennslu í siglingareglum og siglingatækjum. Áður hefur verið bent á valkvæða áfanga á 1. og 2. stigi. 14 áfangar eru settir upp sem einnar eininga áfangar, veiðar og veiðarfæri á 1. stigi skilgreind sem fimm eininga áfangi og loks er lokaáfanginn í skipagerð á þriðja stigi skilgreindur sem fjögurra eininga áfangi. Að öðru leyti eru áfangar settir upp sem tveggja til þriggja eininga áfangar eins og algengast er í öðru framhaldsnámi.

Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið sagt um tímalengd náms og skilgreindan eininga- og áfangafjölda er hér sett fram hugmynd að breytingum á námsskipan skipstjórnarnáms (sjá töflu 2). Í stað þess að gera kröfur um tveggja ára bóknám á sjávarútvegsbraut sem aðfaranám að skipstjórnarnámi yrði námið skipulagt í einni heild þar sem saman fer bóknám (kjarni) og fagnám (kjörsviðsgreinar). Gengið er út frá að fyrstu tvö árin gæfu rétt til fyrsta stigs stýrimannsréttinda. Að því loknu gætu nemendur valið um hvort þeir stefndu á að ljúka farmannsréttindum (2. stigi) eða

fiskimannsréttindum (3. stigi) með mismunandi áherslum í náminu. Á þennan hátt mætti fella skipstjórnarnám undir fjögurra ára framhaldsskólanám eins og tilkynning menntamálaráðuneytisins gerir ráð fyrir.

Nokkrar breytingar eru gerðar á skilgreiningu áfanga. Lagt er til að áfanginn VOV 105 fái heitið veiðarfærafræði og veiðitækni VET 103 og verði kenndur á 1. stigi. Framhald áfangans á öðru stigi er VET 202. Í námskrárdrögum er engin lýsing er gerð fyrir áfangana SLY 101, 201, 301. Lagt er til að þessir áfangar verði sameinaðir áföngunum HBF 101, 201 og 301 og verði kenndir sem tveggja eininga áfangar. Markmið áfanganna væri að uppfylla alþjóðlegar kröfur um slysavarnir og slyshjálp auk áfangans SKP 101 en björgun í sjávarháska sem þeim áfanga tilheyrir fær ótrúlega litla áherslu í námskipaninni. Ástæða hefði verið að taka jafngildan áfanga þar að lútandi á 2. stigi og er lagt til að áfanginn SKP 201 verði kenndur þar.

Ef þetta yrði niðurstaðan vaknar spurning um það hvernig fara ætti með 30 tn. réttindanamið sem sjávarútvegsbrautin gefur fyrirheit um. Í tilkynningu menntamálaráðuneytisins um breytta skipan skipstjórnarnáms segir að nám af sjávarútvegsbraut veiti réttindi til skipstjórnar á skipum allt að 30 rúmlestum og til vélgæslu á skipum allt að 20 rúmlestum með aðalvél minni en 221 kw. Bjóða mætti upp á þetta nám sem sérstaka námsbraut í framhaldsskólum. Þannig mætti fella saman vélavardarnám og 30 tn. skipstjórnarnám í eins árs námsbraut við framhaldsskóla í stað þess að gera 30 tn. að aðfaranámi 1. stigs (sjá töflu 1). Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla er krafist 18 eininga náms til vélavardaréttinda en það jafngildir hálfu ári. Sérgreinar sjávarútvegsbrautar eru 22 einingar þar af eru 6 einingar merktar 30 rúmlesta réttindum. Einfalt ætti því að vera að koma námi af þessu tagi við á einu ári. Námið gæti verið áhugavert fyrir trillusjómenn, háseta og aðra sem leggja vilja fyrir sig sjómennsku og við það mætti bæta ýmsum valmöguleikum til frekara náms s.s. veiðarfæraergerð, fiskvinnslu, löndun og lestun. Námsbrautin gæti litið út á eftirfarandi hátt.

Tafla 1 Tillaga að námsskipan nýrrar sjávarútvegsbrautar í framhaldsskóla.

Sjávarútvegsbraut – 30 tn. og vélavarsla		Ein.
Bókfærsla	BÓK 103	3
Lífsleikni	LKN 103	3
Málmsuða	MLS 102	2
Rafmagnsfræði	RAF 103	3
Siglingafræði og samlíkir	SFS 102	2
Sjóhæfni og veðurfræði	SHV 101	1
Siglingatæki	SIT 111	1
Sjómennska	SJÓ 112, 212	4
Skyndihjálp	SKY 101	1
Slysavarnir	SLY 101	1
Smiðar	SMÍ 104	4
Siglingareglur og vélfræði	SOV 101	1
Tölvufræði	TÖL 192	2
Vélstjórn	VST 103, 204	7
Öryggi og slysavarnir	ÖRS 101	1
Samtals einingar		36

Náminu yrði þannig raðað upp á annir að hægt væri að ljúka réttindum til 30 tn. á einni önn og sama á þá við vélavörð (sjá fylgiskjal).

Til að hefja nám til fyrsta stigs skipstjórnar er ekki gert ráð öðrum inntökuskilyrðum en nú gilda um inntöku á sjávarútvegsbrautir framhaldsskólanna.

Tafla 2 Tillaga að breytingum á námskipan 1.–3. stigs skipstjórnarnáms.

1. stig	Kjarni	Ein.	
Íslenska	ÍSL 102, 202, 212	6	
Danska	DAN 102, 202	4	
Enska	ENS 102, 202, 212	6	
Stærðfræði	STÆ 102, 122, 202	6	
Náttúruvísindi	NÁT 103, 123	6	
Félagsfræði	FÉL 103	3	31 ein
	Kjörsviðsgreinar		
Aflameðferð og vinnslutækni	AFV 112	2	
Fjarskipti	FJA 102	2	
Haffræði	HAF 101	1	
Heilbrigðisfræði	HBF 102	2	
Rafmagnsfræði	RAF 103	3	
Siglingafræði	SIG 103, 203	6	
Siglingareglur	SIR 102	2	
Siglingatæki	SIT 202, 312	4	
Sjávarútvegur	SJÁ 113	3	
Sjóréttur	SJR 101	1	
Skipstjórn	SKP 101	1	
Stjórnun	STJ 112	2	
Stöðugleiki skipa	STL 102, 213	5	
Tölvufræði	TÖL 103	3	
Veðurfræði	VEÐ 102	2	
Veidarfæri og veiðitækni	VET 103	3	
Vélstjórn	VST 103	3	45 ein
	Einingar samtals	76	

2. og 3. stig	Kjarni	Ein.	
Íslenska	ÍSL 303, 403	6	
Danska	DAN 212	2	
Enska	ENS 303	3	
Stærðfræði	STÆ 303, 403, 503	9	
Bókfærsla	BÓK 103	3	
Líffræði	LÍF 103	3	
	Kjörsviðsgreinar		26 ein
Aflameðferð og vinnslutækni	AFV 202/SJR 302	2	
Fjarskipti	FJA 203	3	
Heilbrigðisfræði	HBF 202. 301	3	
Mengun/sjávarvistfræði	MEN 102/SJV 152	2	
Rafmagnsfræði	RAF 213	3	
Rekstur og viðhald	REK 103	3	
Siglingafræði	SIG 322, 303, 403, 502	10	
Siglingareglur	SIR 202	2	
Siglingatæki	SIT 412, 513	5	
Sjóréttur	SJR 201	1	
Skipstjórn	SKP 201	1	
Stjórnun	STJ 202, 302	4	
Stöðugleiki skipa	STL 302, 413, 503	8	
Veðurfræði	VEÐ 202	2	
Veidarfæri og veiðitækni	VET 202/FLF 103	2	51 ein
	Einingar samtals	77	

Í fylgiskjali má sjá tillögu um skiptingu áfanga á námsannir.

Í tillögum þessum hefur nám til 30 tn. réttinda verið aðgreint frá námi til skipstjórnar og skapað rými til þess að ljúka 1. stigs skipstjórnarnámi á tveimur árum. Jafnframt hefur skapað raunhæfari kennslustundafjöldi á viku hverri á öllum námsönnunum ásamt því að hægt er að koma við fleiri kjarnaeyningum en tillögur starfshópsins gerðu ráð fyrir. Einnar eininga áföngum hefur fækkað og þeir lagaðir betur að þeirri hefð sem skapað hefur í námskrá framhaldsskólanna. Þá fjölga kjörsviðsáföngum í faggreinum fyrir 2. stig þar sem hluti þeirra greina sem ætlaðir voru 3. stigs nemendum flytjast á 3. og 4. námsár. Þetta eru greinar eins og REK 103, HBF 301, SIG 502, STJ 303, STL 504. Hins vegar er gert ráð fyrir því að nemendur velji milli AFV 202 og SJR 302 og VET 202 og FLF 103. Ef vilji er til að fara þessa leið mætti e.t.v. koma á meiri aðgreiningu á milli 2. og 3. stigs með endurskoðun áfangalýsinga og auka þannig val þeirra og breyta áherslum í námi. Þetta þýðir þá jafnframt það að sá sem lokið hefur 2. stigi og vill bæta við sig 3. stigi þarf að koma í skólann og taka þá áfanga sem á vantar og hann valdi sig frá í fyrra námi.

Athugasemdir og ábendingar

Á undanförunum árum hefur fjölbreytni náms á háskólastigi aukist talsvert. Flestar námsbrautir á háskólastigi hér á landi gera kröfur um fjögurra ára undirbúningsnám úr framhaldsskóla. Þó umræða hér á landi hafi verið um að stytta framhaldsnám til undirbúnings háskólanámi í þrjú ár verður tæplega hægt að ætla að sú breyting verði á allra næstu árum. Til þess er löggjöf um framhaldsskóla svo ung að árum og margt óunnið áður en hægt verður að ákveða styttingu náms. Hins vegar má nokkuð ljóst vera að í lögum um grunnskóla og framhaldsskóla er lagður ákveðinn grunnur að styttingu náms til stúdentsprófs. Enn um sinn verður að styrkja starfsnám í framhaldsskólum þar með talið skipstjórnarnám ásamt öðru námi í sjávarútvegi og matvælavinnslu.

Sá vandi hefur fylgt starfsnámsbrautum eins og skipstjórn að þær hafa verið blindgötur í skólakerfinu, þ.e. að ekki hefur verið hægt að halda áfram námi á næsta skólastigi og auka við og bæta þekkingu sína. Sú tillaga að námsbraut sem hér hefur verið gerð er með þeim hætti að nemendur ættu að eiga möguleika á að hefja tiltekið nám í háskóla eða tækniskóla. Þá mætti hugleiða út frá hinni miklu ábyrgð sem skipstjóri stendur frammi fyrir í starfi sínu og sífellt flóknara tæknihverfi sem hann starfar í hvort krefjast eigi aukinnar menntunar skipstjóra. Hér mætti hugleiða út frá skipan náms af þessu tagi og lögum um starfsréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum nr. 112/1984 hvort gera ætti kröfu um að til að öðlast skipstjórnarréttindi á 2. og 3. stigi þurfi viðkomandi að ljúka tveggja til þriggja ára háskólanámi í siglingafræðum og stjórnun jafnframt starfsreynslu eins og krafist er í atvinnuréttindalögum skipstjórnarmanna.

Þegar drög að námskrá fyrir skipstjórnarnám er skoðuð kemur í ljós að ekki gætir fulls samræmis í áföngum sem kröfur eru gerður um í aðfaranámi sjávarútvegsbrautar. Þá er ljóst að skilgreina þarf nánar tengsl við aðfara. Þannig er t.d. ekki að sjá að gera aðrar kröfur í stærðfræði til 3. stigs en 1. stigs þ.e. að nemandi hafi lokið áfanganum STÆ 202 og ekki er að sjá að kennsla í eðlis- og efnafræði skipti kjörsviðsgreinar neinu máli. Að lokum skal bent á að nauðsynlegt er að uppsetning námskrárinnar sé í samræmi við það útlit sem menntamálaráðuneytið hefur almennt valið námskrám framhaldsskólans.

Lokaorð

Í samantekt þessari hefur verið fjallað um þá þætti er starfsgreinaráð setti fram í spurningum sínum. Meginniðurstaða skoðunar á námskrárrögunum eru að með breytingum á námsuppsetningu má koma náminu betur fyrir á 4 námsárum og fækka námseiningum á hverri önn án þess að dregið sé úr faglegum kröfum í náminu. Nauðsynlegt er að yfirfara áfangalýsingar og tengsl þeirra innbyrðis og innan námsbrautarinnar. Áður en sú vinna er framkvæmd þarf að móta endanlega (eða taka afstöðu til) námsskipan og námstíma. Jafnhliða væri vert að kanna hvort ástæða sé til að gera auknar námskröfur til skipstjórnarmanna sem leyfi fá til að sigla á alþjóðlegum hafsvæðum.

Heimildir

Frumvarp til laga um menntun, þjálfun, skírteini, vaktstöður áhafna íslenskra skipa og fjölda í áhöfn 16.09.1998.

Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum 112/1984.

Lög um framhaldsskóla 80/1996.

Menntamálaráðuneytið 1997. Skipan skipstjórnarnáms – fréttatilkynning

Menntamálaráðuneytið 1998. Áfangaskýrsla starfshóps sem semja skal drög að námskrá fyrir skipstjórnarnám. Skýrslan nær einungis yfir 1. stigs skipstjórnarnáms.

Menntamálaráðuneytið 2000. Skipan skipstjórnarnáms. Skýrsla starfshóps sem semja skal drög að námskrá fyrir skipstjórnarnám.

Samgönguráðuneytið 1997. Alþjóðasamþykkt um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöðu áhafnar fiskiskips.